

**Fundargerð.****Fundur haldinn í skólamálaráði 2.okt.2002 8 fundur.**

Mætt: Esther Ágústsdóttir, Siggeir Stefánsson, Elfa Benediktsdóttir, Axel Gunnarsson, Steinunn Guðnadóttir, Guðrún Helgadóttir, Hulda Sigurðardóttir og Sóley Vífilisdóttir.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

**1. mál. Skýrsla skólastjóra.**

Esther fer yfir skólastarfið og aukið álag á kennara vegna vöntunar á starfsfólki. Gylfi Jónsson hélt fræðsluerindi um fíkniefnamál, sorg og sorgarviðbrögð s.l. mánudag bæði fyrir nemendur og foreldra. Hefði mátt vera betri mæting hjá foreldrum. Esther segir frá verkefninu " Tónlist fyrir alla ",sem verður á morgun í Þórshafnarkirkju. Fundur verður n.k. þriðjudag 8.okt á Svalbarði með skólastjórum og formönnum nemendaráða um samstarf skólanna í vetur. Ræða á samskólaball o.fl.

Málefni 1. og 2. bekkjar rædd sérstaklega.

Agamál skólans rædd.

Kristján Gunnarsson hefur verið ráðinn sem skólaliði 2, frá og með 3.okt.2002.,

Stefán Már er væntanlegur 15 okt.

**2. mál. Tónlistarskólinn er fullnýttur og er það mjög ánægjulegt. Nokkrir nemendur eru á biðlista.****3. mál. Skýrsla leikskólastjóra.**

Nýja deildin var vígð þriðjudaginn 24. sept., og hlaut hún nafnið Stóribær og gamla deildin Smábær. 28 börn eru í leikskólanum núna.

**4. mál. Ráðning heimilisfræðikennara í forfallakennslu til áramóta. Ein umsókn hefur borist frá Drífu Aradóttur og mælir skólamálaráð með ráðningu hennar.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Elfa Benediktsdóttir, ritari